

Ákvörðun nr. 2/2021
Miðvikudaginn, 24. febrúar 2021

Samruni Bergs-Hugins ehf. (Síldarvinnslan hf.) og Bergs ehf.

I. Samantekt

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Bergs-Hugins ehf. og Bergs ehf. Um er að ræða sjávarútvegsfyrirtæki sem bæði starfa við botnfiskveiðar og hafa gert út frá Vestmannaeyjum. Bergur-Huginn er í eigu Síldarvinnslunnar hf. en nánar er fjallað um samrunann og aðila hans í III. kafla.¹
2. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að kaup Síldarvinnslunnar á Bergi leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Er þar m.a. horft til þess að hlutdeild Bergs í heildarúthlutun kvóta er óveruleg, eða 0,36%, og ekki hafa komið fram upplýsingar í málinu sem benda til þess að hið keypta félag hafi að öðru leyti umtalsvert samkeppnislegt vægi sem horfa þurfi til í þessu máli. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
3. Af hálfu samrunaaðila er byggt á því að Síldarvinnslan muni við kaupin fara ein með yferráð yfir Bergi, en í þeirri afstöðu felst að samrunaaðilar telja að ekki hafi stofnast til yferráða stórra eigna Síldarvinnslunnar yfir fyrirtækinu, sem tilkynna beri Samkeppniseftirlitinu. Er þessi afstaða í samræmi við afstöðu samrunaaðila við fyrri rannsókn á samruna Síldarvinnslunnar og Bergs-Hugins, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013.
4. Af þessu tilefni aflaði Samkeppniseftirlitið að nýju upplýsinga og sjónarmiða um eignar-, stjórnunar- og viðskiptatengsl samstæðu Síldarvinnslunnar við Samherja hf. og Gjögur hf., en stjórnunar- og eignatengsl af þessu tagi hafa þýðingu fyrir úrlausn samrunamála.
5. Af gögnum málsins er ljóst að framangreind fyrirtæki eiga umtalsverðan eignarhlut í Síldarvinnslunni en Samherji og tengdir aðilar eiga rúmlega 48% og eigendur Gjögurs rúmlega 34% hlut. eru þrír af fimm stjórnarmönnum Síldarvinnslunnar skipaðir af eða tengdir þessum aðilum.
6. Ennfremur hafa samrunaaðilar gert grein fyrir áframhaldandi og viðvarandi viðskiptasambandi við Síldarvinnsluna, Samherja og Gjögur.

¹ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Hugin ehf.* Sjá einnig frétt Eyjafréttu frá 24. október 2020 þar sem fjallað er um viðskiptin, <https://eyjafrettir.is/2020/10/24/bergur-huginn-ehf-festir-kaupa-utgerðarlaginu-bergi-ehf/>.



7. Til viðbótar framangreindu eru vísbendingar um þétt stjórnunar- og eignatengsl milli Samherja, Gjögurs og Síldarvinnslunnar sem birtast m.a. í því að einn af stærstu eigendum Gjögurs hefur þar til nýverið gegnt starfi forstjóra Samherja, samhliða því að eiga eignarhlut í Síldarvinnslunni í gegnum eignarhaldsfélag sem jafnframt er í eigu Samherja. Þetta ásamt fleiru gefur til kynna veruleg tengsl á milli stórra hluthafa í Síldarvinnslunni.
8. Virt saman fela framangreindar upplýsingar í sér vísbendingar um að stofnast hafi til yferráða í Síldarvinnslunni umfram það sem samrunaaðilar hafa gert grein fyrir í samrunatilkynningu.
9. Í máli þessu er hins vegar ekki tekin endanleg afstaða til mögulegra yferráða samkvæmt framangreindu. Kemur þar tvennt til: Í fyrsta lagi leiðir rannsókn samruna Síldarvinnslunnar og Bergs í ljós að ekki eru forsendur til íhlutunar í samrunann, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, þótt komist væri að niðurstöðu um hin mögulegu víðtækari yferráð. Í öðru lagi myndi endanleg úrlausn framangreindra yferráða kalla á víðtækari gagnaöflun og rannsókn sem taka myndi til fleiri aðila. Ekki eru tók á því í þessu máli.
10. Samkeppniseftirlitið mun á síðari stigum taka afstöðu til þess hvort og þá með hvaða hætti beri að rannsaka nánar möguleg yferráð og e.a. samstarf hlutaðeigandi fyrirtækja. Í slíkri rannsókn fælist e.a. athugun á því hvort tilkynna hefði átt, mögulega á fyrri stigum, um víðtækari samruna hlutaðeigandi fyrirtækja og hvort samrunatilkynning þessa máls hafi haft að geyma réttar upplýsingar, sbr. IX. kafla samkeppnislaga.
11. Áður en ákvörðun verður tekin um þetta mun Samkeppniseftirlitið óska frekari upplýsinga og sjónarmiða, m.a. frá viðkomandi aðilum og öðrum stjórnvöldum á þessu sviði.

II. Málsmeðferð

12. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 4. nóvember 2020. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Með bréfi, dags. 11. nóvember 2020, tilkynnti eftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist ófullnægjandi þar sem tiltekna upplýsingar vantaði í hana. Með tölvubréfi, sama dag, bárust umræddar upplýsingar.
13. Með bréfi, dags. 15. desember 2020, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að það teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans.
14. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókn eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna. Auk þess aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga um eignarhald Síldarvinnslunnar, viðskiptatengsl samstæðunnar við önnur sjávarútvegsfyrirtæki og stjórnunartengsl.

III. Samruninn

15. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.
16. Að mati Samkeppniseftirlitsins felst tilkynningarskyldur samruni í kaupum Bergs-Hugins, dótturfélags Síldarvinnslunnar, á Bergi.



1. Samrunaaðilar

17. Í samrunaskrá segir að Bergur-Huginn sé sjávarútvegsfyrirtæki með aðsetur í Vestmannaeyjum. Félagið eigi ísfisktogarana Bergey VE 144 og Vestmannaey VE-054 sem stundi botnfiskveiðar. Síldarvinnslan hafi keypt allt hlutfé í Bergi-Huginn ehf. árið 2012.² Síldarvinnslan sé útgerðarfélag og hafi unnið að uppbyggingu fiskveiða á hafsvæðinu í kringum Ísland ásamt því að reka fiskvinnslu. Mikil áhersla hafi verið lögð á að ná fram hagræðingu innan félagsins með það fyrir augum að styrkja félagið sjálft og efla stöðu þess á mörkuðum með fiskafurðir.
18. Starfsemi Síldarvinnslunnar byggir á yfir 60 ára reynslu annars vegar í fiskvinnslu og hins vegar útgerð. Síldarvinnslan geri út botnfiskveiðiskipin Blæng NK-125 og Gullver NS 12 en auk þess eigi félagið tvö skip sem stundi einungis uppsjávarveiðar, þ.e. Börk NK 122 og Beiti NK 123. Félagið starfræki fiskiðjuver í Neskaupstað sem sé sérhæft til vinnslu í uppsjávarfisk en auk þess eigi félagið litla botnfiskvinnslu á Seyðisfirði. Þá eigi og reki félagið tvær fiskimjölsverksmiðjur, eina í Neskaupstað og aðra á Seyðisfirði. Auk þess að sjá um löndun eigi félagið rúmgóða frysti- og kæligeymslu og afkastamikla ísverksmiðju.
19. Síldarvinnslan fari auk þess með bein og óbein yfirráð yfir SVN eignafélagi ehf., Runólf Hallfreðssyni ehf., Seley ehf., Fóðurverksmiðjunni Laxá ehf. og Fjárfestingarfélaginu Vör ehf.
20. Í samrunaskrá segir að Bergur sé útgerðarfyrirtæki þar sem megináhersla hafi verið lögð á botnfiskveiðar. Félagið geri út togarann Berg VE 44 sem stundi einungis veiðar á botnfiski. Skipið hafi fengið óverulega úthlutun á makríl en sú úthlutun hafi verið framseld.

2. Möguleg yfirráð

2.1. Fyrri rannsókn

21. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 var fjallað um kaup Síldarvinnslunnar á Bergi-Huginn. Við rannsóknina var tekið til skoðunar hvort eigna- og stjórnunartengsl sem til staðar væru á milli fyrirtækjanna Síldarvinnslunnar, Samherja hf. og Gjögurs hf. fælu í sér að Samherji (eða eftir atvikum Samherji og Gjögur saman) færu með yfirráð yfir Síldarvinnslunni, sem áhrif kynnu að hafa við úrlausn málsins. Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á yfirráð eða sameiginleg yfirráð þessara aðila. Um þetta segir eftirfarandi í ákvörðuninni:

„Fyrir liggur að Samherji hefur aldrei tilkynnt eftirlitinu um samruna fyrirtækisins við Síldarvinnsluna. Þá hefur fyrirtækið ítrekað staðhæft að það hafi ekki yfirráð yfir Síldarvinnslunni. Hér ber einnig að líta til þess að Samherji á ekki meirihluta hlutfjár í Síldarvinnslunni og einn stjórnarmann af þremur. Ekki liggja fyrir í málinu samningar eða aðrir gerningar sem veita Samherja aukin réttindi vegna eignarhlutans í Síldarvinnslunni. Ekki hefur heldur verið tilkynnt um samruna sem felst í því að Samherji og aðrir stórir hluthafar í Síldarvinnslunni hafi sameiginleg yfirráð yfir henni. Í ljósi gagna þessa máls verður því að leggja til grundvallar að hvorki Samherji né Gjögur hafi yfirráð yfir Síldarvinnslunni.“

22. Á hinn bóginn kom fram í málinu að umfangsmikil viðskipti hefðu verið á milli félaganna, m.a. hvað varðar leigu á kvóta og vinnslu og sölu á sjávarafli. Í kjölfarið hóf Samkeppniseftirlitið rannsókn á mögulegu ólögumætum samráði fyrirtækjanna. Þeirri rannsókn lauk án niðurstöðu á árinu 2017. Í bréfi til aðila kom fram að verulegar tafir hefðu orðið á rannsókn málsins vegna

² Árið 2014 keypti Síldarvinnslan útgerðarfélagið Gullberg ehf. (ákvörðun nr. 32/2014) og árið 2016 útgerðarfélagið Runólf Hallfreðsson ehf. (ákvörðun nr. 25/2016).



mikilla anna í öðrum verkefnum. Meðal annars var vísað til tilkynningar eftirlitsins á heimasíðu þess í júlí 2017, þar sem fjallað var stórukinn fjöldi og umfang samrunamála. Þá sagði í málslokabréfinu:

„Af þessum sökum er ljóst að Samkeppniseftirlitið mun ekki hafa tök á því að leysa úr framangreindri rannsókn á næstu mánuðum. Hefur eftirlitið því ákveðið að ljúka þeirri rannsókn sem hófst með bréfi, dags. 22. apríl 2013, án efnislegrar niðurstöðu. Í því felst að Samkeppniseftirlitið hefur enga afstöðu tekið til þess hvort starfsemi fyrirtækisins hafi verið í samræmi við samkeppnislög á því tímabili sem til rannsóknar var. Komi sama eða sambærileg háttsemi fyrirtækisins síðar til skoðunar, t.d. vegna ábendinga eða kvartana, mun Samkeppniseftirlitið leggja nýjan grundvöll að þeirri rannsókn.“

2.2. Gagnaöflun um stjórnunar- og eignatengsl í þessu máli

23. Í ljósi ofangreindrar forsögu taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að óska eftir sjónarmiðum og upplýsingum um eignatengsl og viðskipti samrunaaðila við önnur sjávarútvegsfyrirtæki og hvort einhverjar efnislegar breytingar hefðu orðið frá fyrri rannsóknum.
24. Í svari samrunaaðila frá 18. nóvember 2020 segir að ekki hafi orðið neinar verulegar breytingar á eigna eða stjórnunartengslum í Síldarvinnslunni á sl. árum eða frá því að Samkeppniseftirlitið tók ákvörðun nr. 10/2013. Helst megi nefna að á aðalfundi Síldarvinnslunnar árið 2013 hafi stjórnarmönnum fjölgað úr þremur í fimm og hefur stjórnin verið skipuð fimm stjórnarmönnum og tveimur til vara síðan þá. Þegar ákvörðun nr. 10/2013 var tekin hafi einn aðili tengdur Samherja setið í stjórn af þremur og einn aðili tengdur Gjögri. Jafnframt hafi orðið sú breyting á hluthöfum að Gjögur sé ekki hluthafi í Síldarvinnslunni heldur Kjálkanes ehf., sem sé eignarhaldsfélag í eigu sömu hluthafa og Gjögurs. Nú sé stjórn Síldarvinnslunnar skipuð einum einstaklingi tengdum Samherja og tveimur tengdum Kjálkanesi. Sá fjórði tengist fjórða stærsta hluthafa Síldarvinnslunnar, SÚN, og sá fimmti sé óháður.
25. Líkt og komið hafi fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 hafi Síldarvinnslan og Samherji um langt skeið verið í viðskiptum með aflaheimildir, afla og sölu sjávarafurða. Ekki hafi orðið grundvallarbreyting hvað þetta varði. Þannig hafi áfram verið viðskipti með aflaheimildir milli félagana. Síldarvinnslan ráðstafi einnig áfram hluta bolfiskafla til vinnslu hjá Samherja en þar sem Síldarvinnslan reki nú bolfiskvinnslu bæði á Seyðisfirði og í Neskaupstað sé hlutfallið mun minna en var á árunum 2009-2012. Samherji ráðstafi svo stórum hluta af uppsjávarafla sínum til vinnslu í Neskaupstað. Vegna breyttra útgerðarháttá hafi Samherji heldur dregið úr notkun á frystigeymslu hjá Síldarvinnslunni en Gjögur nýti áfram frystigeymslur hjá Síldarvinnslunni undir uppsjávarafurðir. Varðandi sölu afurða hafi Ice-Fresh Seafood ehf., dótturfélag Samherja, áfram haft milligöngu í sölumálum.
26. Auk framangreinds hafi umræddir aðilar, í sumum tilvikum ásamt öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum, átt með sér samstarf við nýsmíði skipa erlendis, frystingu sjávarafla og löndun makrílafla sem veiddur var utan fiskveiðilögsögu Íslands.³
27. Jafnframt kemur fram í svari samrunaaðila að Bergur hafi átt í takmörkuðum viðskiptum með aflamark á árunum 2017-2018 við Samherja. Skip Bergs hafi legið við bryggju allt árið 2020 en fyrir liggi leigusamningur við Útgerðarfélag Akureyringa ehf., dótturfélag Samherja, um tímabundna leigu á skipinu án aflaheimilda.

³ Sjá frétt mbl.is 10. september 2020, https://www.mbl.is/200milur/frettir/2020/09/10/god_vertid_en_langt_ad_sigla/.



28. Varðandi möguleg yferráð yfir Síldarvinnslunni er það mat samrunaaðila að enginn hluthafa Síldarvinnslunnar fari með meirihluta hlutfjárins á hluthafafundum og stærsti hluthafinn, Samherji, þurfi liðsinni annarra hluthafa til þess að ná málum í gegn. Sama eigi við um hluthafann Kjálkanes, sbr. umfjöllun um skipan stjórnar félagsins. Enginn einn hluthafi hafi meirihlutavægi í stjórn félagsins.
29. Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að um er að ræða umfangsmikil eignatengsl og viðskipti á milli fyrirtækjanna. Þó hafa samrunaaðilar lýst því að nokkuð hafi dregið úr viðskiptum á milli félaganna hvað varðar ráðstöfun á sjávarafla til fiskvinnslu, einkum bolfisk. Þá nefna samrunaaðilar að Samherji fari nú með eitt af fimm sætum en hafði áður eitt af þremur.
30. Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að til staðar séu vísbendingar um yferráð Samherja eða sameiginleg yferráð Samherja og tengdra félaga yfir Síldarvinnslunni og að þær vísbendingar hafi styrkst frá því að Samkeppniseftirlitið fjallaði um slík möguleg yferráð í ákvörðun nr. 10/2013. Benda má á að einn af stærstu einn af stærstu eigendum Gjögurs hefur síðastliðið rúm ár, og þar til nýverið, gegnt stöðu forstjóra Samherja og mun enn sinna störfum fyrir félagið. Þá eru veruleg tengsl milli hans og annarra eigenda Gjögurs, en systurfélag Gjögurs, Kjálkanes (í eigu sömu aðila í svipuðum hlutföllum) á síðan rúmlega þriðjungshlut í Síldarvinnslunni. Umræddur aðili á jafnframt eignarhlut í Eignarhaldsfélaginu Snæfugli ehf., ásamt m.a. Samherja, en eignarhaldsfélagið á rúmlega 5,29% hlut í Síldarvinnslunni. Veruleg tengsl eru því á milli stórra hluthafa í Síldarvinnslunni og eru þrír af fimm stjórnarmönnum í Síldarvinnslunni skipaðir af eða tengdir Samherja og Kjálkanesi.
31. Til viðbótar framangreindu liggur fyrir að þau fyrirtæki sem hér eiga í hlut hafa áfram átt viðvarandi viðskipti við Síldarvinnsluna, sem lýst hefur verið af hálfu samrunaaðila og Samherja í fyrri málum. Þótt samrunaaðilar bendi á að viðskiptin hafi að einhverju leyti dregist saman, sbr. umfjöllun hér að framan, gefa hin stöðugu og áframhaldandi viðskipti til kynna rík tengsl milli fyrirtækjanna sem taka þurfi tillit til við mat á yferráðum. Þá hafa verið birt opinberlega gögn sem gefa til kynna að Samherji hafi í eigin gögnum kynnt Síldarvinnsluna sem uppsjávarhluta samstæðu Samherja.⁴
32. Allt framangreint gefur vísbendingar um að stofnast hafi til yferráða í Síldarvinnslunni umfram það sem samrunaaðilar hafa gert grein fyrir í samrunatilkynningu. Í ákvörðun 10/2013 er gerð grein fyrir samspili laga um fiskveiðistjórnun og samkeppnislaga að þessu leyti og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Meðal annars er vikið að skýringum á yferráðum í samkeppnisrétti, sbr. eftirfarandi:
- „Mikilvægt er að hafa í huga að hugtökin samruni og yferráð eru að meginstefnu af efnahagslegum toga. Aðalatriðið er að meta hvort aðili hefur í raun (de facto) möguleika á því að hafa umrædd áhrif og það hvort áhrifin grundvallast á formbundnum gerningi eða einhverju öðru hefur ekki sérstaka þýðingu. Þannig skiptir ekki máli í samkeppnisrétti á hvaða grunni slík áhrif byggjast svo fremi sem þau séu til lengri tíma og veiti möguleika á að hafa umrædd afgerandi áhrif á fyrirtæki. Sökum þessa getur aðili t.d. talist hafa yferráð yfir fyrirtæki jafnvel þótt annar aðili sé formlega skráður fyrir eignarhlut í því fyrirtæki. Þrátt fyrir það byggja sameiginleg yferráð oft en ekki á einhvers konar löggerningi.“*
33. Með hliðsjón af framangreindu hefur Samkeppniseftirlitið við rannsókn máls þessa einnig hugað að samkeppnislegum áhrifum samrunans miðað við hin mögulegu víðtækari yferráð. Ekki eru hins vegar forsendur til þess að leysa endanlega úr álitaeftum er varða eigna- og

⁴ Sjá t.d. <https://kjarninn.is/skyring/2019-11-20-samherji-kynnti-sildarvinnsluna-sem-hluta-af-samstaedunni/>.



stjórnunartengsl í máli þessu, kemur þar tvennt til: Í fyrsta lagi leiðir rannsókn kaupum Síldarvinnslunnar og Bergs í ljós að ekki eru forsendur til íhlutunar í samrunann, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, þótt komist væri að niðurstöðu um hin mögulegu víðtækari yfirrád, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir. Í öðru lagi myndi endanleg úrlausn framangreindra yfirráða kalla á víðtækari gagnaöflun og rannsókn sem taka myndi til fleiri aðila. Ekki eru tók á því í þessu máli. Samkeppniseftirlitið mun á síðari stigum taka afstöðu til þess hvort og þá með hvaða hætti beri að rannsaka nánar möguleg yfirrád og e.a. samstarf hlutaðeigandi fyrirtækja. Í slíkri rannsókn fælist e.a. rannsókn á því hvort tilkynna hefði átt, mögulega á fyrri stigum, um víðtækari samruna hlutaðeigandi fyrirtækja og hvort samrunatilkynning þessa máls hafi haft að geyma réttar upplýsingar, sbr. IX. kafla samkeppnislaga.

34. Áður en ákvörðun verður tekin um þetta mun Samkeppniseftirlitið óska frekari upplýsinga og sjónarmiða, m.a. frá viðkomandi aðilum og öðrum stjórnvöldum á þessu sviði.

3. Markaðir málsins og staða samrunaaðila á þeim

35. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
36. Í samrunaskrá segir að um sé að ræða láréttan samruna og starfsemi samrunaaðila skarist hvað varði botnfiskveiðar, en Bergur-Huginn, Síldarvinnslan og Bergur geri út skip sem stundi botnfiskveiðar aðallega við Íslandsstrendur. Bergur hafi fengið úthlutaðan makrilkvóta sem hafi verið framseldur en félagið stundi ekki uppsjávarveiðar á makríl.
37. Þeir vörumarkaðir sem samruninn taki til eða hafi áhrif á séu:
- a) botnfiskveiðar;
 - b) vinnsla á botnfiskafla;
 - c) sala botnfiskafla á fiskmarkaði; og
 - d) beinn útflutningur á botnfiskafla
38. Markaðirnir sem um ræði séu þeir sömu og Samkeppniseftirlitið skilgreindi í ákvörðun nr. 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.* Einnig sé um sömu markaði að ræða í ákvörðun nr. 32/2014, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Gullbergi ehf. og fiskiðjuveri Brimbergs ehf.* Vísast einnig til nýlegrar ákvörðunar nr. 37/2020.
39. Samrunaaðilar byggja á því í samrunaskrá að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland en vilja engu að síður koma því á framfæri að útflutningsmarkaðir fyrir afurðirnar séu ávallt erlendis og stærstur hluti af botnfiskaflanum sé því ætlaður fyrir erlendan markað. Íslenskar útgerðir, vinnslur, milliliðir og aðrir aðilar í sjávarútvegi séu þannig í samkeppni við aðrar útgerðir, vinnslur og milliliði víðs vegar um heiminn.
40. Samkeppniseftirlitið getur fallist á skilgreiningu samrunaaðila á markaðnum fyrir veiðar á botnfiski, þ.m.t. að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland. Þó er rétt að halda því til haga að



undirmarkaðir fyrir einstaka fisktegundir og afurðir kunna að vera til staðar, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2020, *Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yfiráð í Brimi hf.* Ekki er þörf á því fyrir niðurstöðu málsins að taka afstöðu til þess hvort markaður fyrir vinnslu og sölu fisks kunni að vera stærri en Ísland.

41. Í samrunaskrá segir að sameiginleg hlutdeild samstæðu Síldarvinnslunnar í heildarúthlutun kvóta sé rúmlega 30,6 þúsund þorskígildistonn eða 7,31%. Sameiginleg hlutdeild samrunaaðila í kjölfar samrunans verði rúmlega 32,1 þúsund þorskígildistonn eða 7,67%. Sé aðeins litið til botnfisksveiða sé hlutdeild samrunaaðila í heildarúthlutun í kjölfar samrunans rúmlega 18,7 þúsund þorskígildistonn eða 5,44%. Markaðshlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir sölu á botnfiskafla til vinnslu og botnfiskafla til fiskmarkaða sé lægri. Aftur á móti sé hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir beinan útflutning á botnfiskafla um [5-10]%.
42. Eins og áður greinir hefur Samkeppniseftirlitið einnig hugað að samkeppnislegum áhrifum samrunans miðað við hin mögulegu víðtækari yfiráð, sem rakin eru í kafla 2. Þannig hefur eftirlitið tekið til athugunar sameiginlega hlutdeild samrunaaðila auk Samherja og Gjögurs, þ.e. með tilliti til mögulegra sameiginlegra yfiráða vegna eigna-, stjórnunar- og viðskiptatengsla. Samanlögð hlutdeild þessara aðila er nálægt 20% af heildarúthlutun.⁵

IV. Niðurstaða

43. Í máli þessu er samruni Bergs-Hugins, dótturfélags Síldarvinnslunnar, og Bergs til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Taka þarf til skoðunar hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga nr. 44/2005.
44. Í samrunaskrá segja samrunaaðilar að ljóst sé að ekkert bendi til þess að viðkomandi markaðir raskist vegna kaupanna. Í lögum um stjórn fiskveiða sé ákvæði um takmarkanir á yfiráðum yfir aflaheimildum sem séu sett til að koma í veg fyrir mikla samþjöppun í greininni. Takmarkanirnar séu annars vegar í einstökum tegundum og einnig í heildarmagni þorskígilda. Af gögnum málsins verði ráðið að stærð samrunaaðila á hinum skilgreinda markaði sé undir hámarksstærð samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.
45. Í þessu sambandi er rétt að áréttast að Samkeppniseftirlitinu ber við rannsókn á samrunum í sjávarútvegi að beita ákvæðum samkeppnislaga um yfiráð, eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 17. gr. laganna. Eins og gerð er grein fyrir hér að framan hefur Samkeppniseftirlitið tekið til skoðunar áhrif samrunans miðað við skilning samrunaaðila á yfiráðum, en einnig með tilliti til mögulegra víðtækari yfiráða vegna stjórnunar- og eignatengsla við Samherja og Gjögur, sbr. kafla 3 hér að framan.

Með vísan til framangreinds og með hliðsjón af upplýsingum í samrunaskrá og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum verður ekki séð að kaup Síldarvinnslunnar á Bergi leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Er þar m.a. horft til þess að hlutdeild Bergs í heildarúthlutun kvóta er óveruleg, eða 0,36% og ekki hafa komið fram upplýsingar í málinu sem benda til þess að hið keypta félag hafi að öðru leyti samkeppnislegt

⁵ Samherji Ísland ehf., Útgerðarfélag Akureyringa ehf., Síldarvinnslan hf., Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf. og Gjögur hf.



vægi. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

V. Ákvörðunarorð

„Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast vegna samruna Bergs-Hugins ehf. og Bergs ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson